



Borgarráð

Reykjavík, 2. júní 2025

MSS25050146

Samningur við rekstaraðila Parísarhjóls á Miðbakka

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita verkefnateymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara heimild til að bjóða Taylors Tivoli Iceland ehf., kt. 650619-0130, til viðræðna um gerð samnings um tímabundin afnot Taylors Tivoli Iceland ehf. af Miðbakka, Geirsgötu 15, í þeim tilgangi að Taylors Tivoli Iceland setji þar upp og reki Parísarhjól á svæðinu í sumar. Borgarstjóra verði veitt heimild til þess að undirrita samninginn.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg auglýsti þann 24. maí 2025 eftir samstarfsaðila til að reka Parísarhjól á Miðbakka í Reykjavíkurhöfn. Ein umsókn barst vegna auglýsingarinnar og var hún frá Taylors Tivoli Iceland ehf. Taylors Tivoli Iceland ehf. rak Parísarhjól á Miðbakka sumarið 2024 á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg.

Heiða Björg Hilmissdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Samkomulag um tímabundin afnotarétt á lóð, ódags.



Reykjavík

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, (Reykjavíkurborg) og Taylors Tivoli Iceland ehf., kt. 650619-0130, (afnotahafi) gera með sér svohljóðandi:

SAMKOMULAG **um tímabundin afnotarétt á lóð**

1. Inngangur

Með auglýsingu 24. maí 2025 auglýsti Reykjavíkurborg eftir samstarfsaðila til að reka Parísarhjól á Miðbakka í Reykjavíkurhöfn (lóðin). Afmörkun lóðarinnar er að finna í **fylgiskjali 1**. Faxaflóahafnir sf. er eigandi lóðarinnar en Reykjavíkurborg hefur afnotarétt af henni á grundvelli samnings við Faxaflóahafnir sf. þar um.

2. Afnot af lóð

Með samkomulagi þessu veitir Reykjavíkurborg afnotahafa tímabundinn afnot af lóðinni í þeim tilgangi að afnotahafi setji þar upp og reki Parísarhjól.

Aðilar skulu koma sér saman um upphaf afnotatíma. Lok afnotatíma er 30. september 2025.

Að afnotatíma liðnum skal afnotahafi skila lóðinni Reykjavíkurborgar í sama ástandi og hann tók við henni. Í því felst m.a. að afnotahafi skal fjarlægja allan búnað, tæki og lausafé sem tilheyrir honum. Við skil lóðarinnar skulu aðilar fara sameiginlega yfir ástand hennar.

3. Greiðslur

Fyrir afnot á lóðinni greiðir afnotahafi 650.000 kr. á mánuði. Gjaldið skal greitt mánaðarlega fyrirfram, á gjalddaga 1. hvers mánaðar og er eindagi 15. hvers mánaðar. Dráttarvextir reiknast eftir gjalddaga. Gjaldið verður innheimt frá og með afhendingu lóðarinnar.

4. Aðgangur án endurgjalds 17. júní og Menningarnótt

Afnotahafi skuldbindur sig til þess að hafa Parísarhjólíð opið almenningi án endurgjalds 17. júní og Menningarnótt.

5. Nánar um ábyrgð og skyldur afnotahafa

Allur kostnaður vegna uppsetningar og reksturs Parísarhjólsins er á ábyrgð afnotahafa.

Afnotahafi ber ábyrgð á undirbúningi, skipulagningu og framkvæmdum vegna uppsetningar og reksturs Parísarhjólsins.

Afnotahafi ber ábyrgð á lóðinni á meðan hann hefur afnot af henni. Í því felst meðal annars en ekki eingöngu að afnotahafi ber ábyrgð á öllu viðhaldi og umbótum á lóðinni á meðan hún er í hans umsjón.

Afnotahafi ber ábyrgð á öllum greiðslum vegna starfsemi Parísarhjólsins á lóðinni.

Afnotahafi ber ábyrgð á umhverfis- og öryggismálum á lóðinni á meðan hann hefur afnot af henni og að bregðast við þegar úrbóta er þörf.

Afnotahafi ber ábyrgð á því að til staðar séu tilskilin leyfi vegna uppsetningar og reksturs Parísarhjólsins og að skilyrði þeirra séu uppfyllt á hverjum tíma.

Afnotahafi ber að fara eftir þeim lögum og reglum sem gilda um uppsetningu og rekstur parísarhjólsins og taka tillit til þeirra fyrirmæla sem viðkomandi yfirvöld gefa á hverjum tíma.

Afnotahafi lýsir því yfir að honum er ljóst að hvorki Reykjavíkurborg og/eða Faxaflóahafnir sf. bera ábyrgð á uppsetningu eða starfssemi parísarhjólsins. Lýsir afnotahafi því yfir að hann ábyrgist að halda Reykjavíkurborg og Faxaflóahöfnum sf. skaðlausum af hvers konar kröfum þriðju aðila, sem kunna að verða gerðar vegna uppsetningar og/eða reksturs parísarhjólsins.

Afnotahafi skal vera með frjálsa ábyrgðartryggingu sem tekur til tjóna sem hann kann að bera skaðabótaábyrgð á, auk annarra trygginga sem við á í tengslum við reksturinn.

Afnotahafi ber ábyrgð á því að annast samskipti við gesti, birgja og fjölmiðla vegna starfssemi parísarhjólsins og afnota af lóðinni.

Afnotahafi ber ábyrgð á að annast þrif á lóðinni.

6. Vanefndir og vanefndaúrræði

Standi afnotahafi ekki í skilum með greiðslur samkvæmt samkomulagi þessu, eða gengur illa um lóðina, hann leggi niður starfssemi sína eða láti af rekstri parísarhjólsins á lóðinni eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum, er Reykjavíkurborg heimilt að rifta samkomulagi þessu.

7. Möguleg framlenging samnings vegna sumarsins 2026

Séu forsendur til staðar lýsa aðilar því yfir að þeir séu sammála um að hefja viðræður eigi síðar en 15. apríl 2026 um mögulegan rekstur afnotahafa á parísarhjólí á svæðinu vegna sumarsins 2026.

Samkomulag þetta var lagt fyrir borgarráð þann dd.mm.aa. Samkomulag þetta er rafrænt undirritað.

Fylgiskjöl:

1. Afmörkun lóðarinnar.

Fylgiskjal 1

